26.10.2026

Bæjarstjórn - 830. fundur bæjarstjórnar
haldinn í fundarsal bæjarins ráðhúsinu Aðalstræti, miðvikudaginn 14. október 2026
og hófst hann kl. 17:00

Fundinn sátu:
Kristján Jón Guðmundsson, Guðfinnur Ragnar Jóhannsson, Jóhanna Ósk Halldórsdóttir, Magnús Ingi Jónsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Katrín Ugla Kristjánsdóttir, Þorbergur Haraldsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Margrét Hildur Eiðsdóttir, Rebekka Líf Karlsdóttir og Baldur Smári Einarsson.

Fundargerð ritaði: Jóhanna Ósk Halldórsdóttir, bæjarstjóri

Dagskrá:

1. **Trúnaðarmál - 2610011**

   Bókun færð í trúnaðarbók.

2. **Viðaukar við fjárhagsáætlun 2026 - 2606041**

   Lagðir fram til samþykktar viðaukar nr. 08-10 við fjárhagsáætlun ársins 2026, að fenginni samþykkt bæjarráðs á 2507. fundi þess þann 6. október 2026.

   Viðauki nr. 08 uppfærir áætlaðan kostnað vegna vaxta og verðbóta af lánum. Fjármagnskostnaður samstæðunnar hækkar um 72,87 m.kr.

   Viðauki nr. 09 uppfærir tekjuáætlun miðað við nýjustu upplýsingar. Að teknu tilliti til tengdra útgjalda batnar rekstrarniðurstaða samstæðunnar um 71,17 m.kr.

   Viðauki nr. 10 ráðstafar 10,76 m.kr. af áður áætluðu viðhaldsfé til tiltekinna verkefna og þjónustu. Um er að ræða tilfærslu innan fjárhagsáætlunar sem hækkar ekki heildarútgjöld.

   Samanlagt versnar áætluð rekstrarniðurstaða samstæðunnar um 1,70 m.kr. og eigið fé lækkar sem því nemur. Áætlaðar skuldir við lánveitendur hækka um 56,35 m.kr. vegna uppfærslu skuldabréfaáætlunar.

   Guðfinnur Ragnar Jóhannsson tók til máls.

   Bæjarstjórn samþykkir viðauka nr. 08-10 við fjárhagsáætlun ársins 2026 með öllum sjö greiddum atkvæðum. Viðaukarnir fela í sér uppfærslu fjármagnskostnaðar og tekjuáætlunar ásamt tilfærslu fjárheimilda af áður áætluðu viðhaldsfé.

BOLUNGARVÍK

26.10.2026

Samanlagt versnar áætluð rekstrarniðurstaða samstæðunnar um 1,70 m.kr. og eigið fé lækkar um sömu fjárhæð. Áætlaðar skuldir við lánveitendur hækka um 56,35 m.kr.

Samþykkt einu hljóði.

3. Tilnefning í stjórn Náttúrustofu Vestfjarða 2026-2030 - 2610032

Lögð fram til staðfestingar tilnefning Þorbergs Haraldssonar sem aðalfulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar í stjórn Náttúrustofu Vestfjarða. Þorbergur var kjörinn í stjórn á samráðsfundi aðildarsveitarfélaganna þann 30. september 2026. Fundargerð samráðsfundarins fylgir málinu.

Guðfinnur Ragnar Jóhannsson tók til máls.

Bæjarstjórn staðfestir tilnefningu Þorbergs Haraldssonar sem aðalfulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar í stjórn Náttúrustofu Vestfjarða fyrir kjörtímabilið 2026-2030 með öllum sjö greiddum atkvæðum.

Samþykkt einu hljóði.

4. 71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti. - 2609014

Lögð fram til kynningar og umræðu þinggögn fyrir 71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti. Gögnin fjalla um fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2027 og þriggja ára áætlun, ásamt tillögum um árstillag sveitarfélaganna og stjórnarlaun.

Enginn tók til máls.

Þinggögn fyrir 71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti lögð fram og rædd.

Erindi kynnt.

5. Endurskoðun reglna um frístundastyrk - 2609075

Lögð fram tillaga fræðslumála- og æskulýðsráðs að breytingum á reglum um frístundastyrk. Jafnframt leggur ráðið til að árlegur styrkur hækki úr 40.000 kr. í 80.000 kr. Tillaga um hækkun styrksins er lögð fram til umræðu vegna fjárhagsáætlunar ársins 2027 og verður tekin til endanlegrar afgreiðslu við samþykkt hennar.

Guðfinnur Ragnar Jóhannsson og Jóhanna Ósk Halldórsdóttir tóku til máls.

Bæjarstjórn samþykkir fyrirliggjandi tillögur fræðslumála- og æskulýðsráðs að breytingum á 3. og 4. grein reglna um frístundastyrk.

Samþykkt einu hljóði.

6. Kosning í ungmennaráð - 2609071

Lögð fram tillaga fræðslumála- og æskulýðsráðs frá 1. október 2026 að eftirfarandi fulltrúar verði kjörnir í ungmennaráð Bolungarvíkurkaupstaðar:

Aðalfulltrúar:

26.10.2026

Salvör Sól Jóhannsdóttir

Mikael Máni Meyvant Stefánsson

Vagnfríður Elsa Kristbjörnsdóttir

Breki Þór Arnarsson

Kristín Líf Kristjánsdóttir

Varafulltrúar: Sylvía Rós Hermannsdóttir, Sigurborg Sesselja Skúladóttir og Júlía Magdalena Mazur.

Tillagan er lögð fram til afgreiðslu bæjarstjórnar, sbr. 3. gr. erindisbréfs ungmennaráðs.

Guðfinnur Ragnar Jóhannsson tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu fræðslumála- og æskulýðsráðs og kýs eftirfarandi fulltrúa í ungmennaráð Bolungarvíkurkaupstaðar:
Aðalfulltrúar: Salvör Sól Jóhannsdóttir, Mikael Máni Meyvant Stefánsson, Vagnfríður Elsa Kristbjörnsdóttir, Breki Þór Arnarsson og Kristín Líf Kristjánsdóttir.
Varafulltrúar: Sylvía Rós Hermannsdóttir, Sigurborg Sesselja Skúladóttir og Júlía Magdalena Mazur.

Bæjarstjóra er falið að boða til fyrsta fundar ráðsins í samræmi við erindisbréf þess.

Samþykkt einu hljóði.

7. Bæjarráð - 2505 - 2609007F

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 2505. fundar bæjarráðs, sem haldinn var 22. september 2026.

Enginn tók til máls.

Bæjarstjórn staðfestir fundargerð 2505. fundar bæjarráðs, sem haldinn var 22. september 2026 með öllum sjö greiddum atkvæðum.

Samþykkt einu hljóði.

8. Bæjarráð - 2506 - 2609011F

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 2506. fundar bæjarráðs, sem haldinn var 30. september 2026.

Enginn tók til máls.

Bæjarstjórn staðfestir fundargerð 2506. fundar bæjarráðs, sem haldinn var 30. september 2026.

Samþykkt einu hljóði.

BOLUNGARVÍK

26.10.2026

9. Bæjarráð - 2507 - 2610001F

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 2507. fundar bæjarráðs, sem haldinn var 6. október 2026.

Hildur Eiðsdóttir vék af fundi.

Jóhanna Ósk Halldórsdóttir og Baldur Smári Einarsson tóku til máls.

Bæjarstjórn staðfestir fundargerð 2507. fundar bæjarráðs, sem haldinn var 6. október 2026. Viðaukar nr. 08-10 við fjárhagsáætlun ársins 2026 voru afgreiddir undir 1. lið þessa fundar. Samþykkt einu hljóði.

10. Hafnar- og atvinnumálaráð - 26 02 - 2609008F

Lögð fram til staðfestingar fundargerð fundar nr. 26/02 í hafnar- og atvinnumálaráði, sem haldinn var 28. september 2026.

Hér kemur Hildur Eiðsdóttir aftur til fundar.

Enginn tók til máls.

Bæjarstjórn staðfestir fundargerð fundar nr. 26/02 í hafnar- og atvinnumálaráði, sem haldinn var 28. september 2026. Samþykkt einu hljóði.

11. Fræslumála- og æskulýðsráð - 9/26 - 2609009F

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 9/26. fundar fræðslumála- og æskulýðsráðs, sem haldinn var 1. október 2026.

Enginn tók til máls.

Bæjarstjórn staðfestir fundargerð fundar nr. 9/26 í fræðslumála- og æskulýðsráði, sem haldinn var 1. október 2026. Tillögur um breytingar á reglum um frístundastyrk og kosningu í ungmennaráð voru afgreiddar undir 4. og 5. lið þessa fundar.

12. Umhverfismálaráð - 10/26 - 2609010F

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 10/26. fundar umhverfismálaráðs, sem haldinn var 1. október 2026.

Guðfinnur Ragnar Jóhannsson tók til máls.

Bæjarstjórn staðfestir fundargerð fundar nr. 10/26 í umhverfismálaráði, sem haldinn var 1. október 2026. Samþykkt einu hljóði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45

BOLUNGARVÍK

26.10.2026